

# ERINDISBRÉF<sup>1</sup>

## Starfshópur um þjónustu borgarinnar við gæludýr

**Ábyrgðarmaður:** Ólöf Örvarsdóttir, sviðstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs

### Inngangur:

Umhverfis- og heilbrigðisráð samþykkti 16. okt. 2019 að fela þriggja manna stýrihópi að greina og gera tillögur til ráðsins um hvernig haga skuli þjónustu borgarinnar við gæludýr.

### Hlutverk:

Hópurinn á að skoða er hvernig Reykjavíkurborg uppfyllir þær kröfur sem til hennar eru gerðar í lögum, reglugerðum og samþykktum um dýrahald og velferð dýra og hvort tilefni sé til breytinga. Einnig á hópurinn að skoða hvernig þjónustu við íbúa sem halda gæludýr er háttað og hvort auka eigi þjónustu við þá. Við vinnu tillagnanna skal leggja áherslu á velferð dýra og samfélagslegan ábata af gæludýrahaldi auk þess að huga sérstaklega að dýrum í erfiðum aðstæðum og óskiladýrum. Þá skal hópurinn skoða möguleika á samstarfi við nágrannasveitarfélög og félagasamtök sem láta sig dýravelferð varða og kalla til samráðs sérfræðinga og aðra sem geta lagt til vinnunnar. Tillögunum þarf að fylgja kostnaðarmat og tímaáætlun.

### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Rýna hvernig Reykjavíkurborg uppfyllir kröfur í lögum, reglugerðum og samþykktum
- Rýna hvernig þjónustu er háttað við gæludýraeigendur og meta hvort hún sé fullnægjandi.
- Skoða aðstæður óskiladýra og dýra í erfiðum aðstæðum og hvernig best sé að uppfylla lagaskyldur vegna meðferðar villtra og hálfvilltra dýra innan borgarmarkanna og setja ramma um meðferð slíkra mála og endurgreiðslur vegna þeirra í samræmi við 7. gr. laga nr. 55/2013.
- Skoða mögulegt samstarf við nágrannasveitarfélög og félagasamtök.
- Vinna kostnaðarmat og tímaáætlun fyrir tillögur hópsins.

### Starfshópin/stýrihópin skipa:

Þorkell Heiðarsson, formaður  
Sabine Leskopf  
Inga María Hlíðar Thorsteinsson

### Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

María Níelsdóttir, skrifstofu sviðstjóra

---

<sup>1</sup> Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: [http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_reykjavikurborgar\\_um\\_starfs-og\\_styrihopa.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf). Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok [mán/ár].

Reykjavík, [Dags.]

Ólöf Örvarsdóttir  
sviðstjóri